

Lúðvík Guðmundsson, stofnandi MHÍ, virðist eftir öllum sólarmerkjum að dæma hafa verið hinn mesti forkur. Ekki veit ég hvaðan honum kom áhugi á sjónmenntum, en vist er að eftir skólastjórn á Hvítárþakka og á Ísafirði ræðst hann í það að stofna Handiðaskólann árið 1939 — þá á miðjum aldri. Sama sumar hafði hann leitað fanga í Þýskalandi og fundið mann sem var honum að skapi, Kurt Zier. Ekki veit ég heldur hvað Zier gekk til — manni sem hafði reynslu af stórum listaskólum í heimalandi sínu og Svisslandi — að ráðast til starfa hér uppi á klaka. Allt um það byrjuðu þeir Lúðvík og Zier í fjórum kjallarastofum að Hverfisgötu 57.

Á flækingsi


Þaðan lá leiðin í Stýrimannaskólann við Öldugötu, síðan á Grundar-



Útskurður eftir Kurt Zier.

stíg 2A, svo að Laugavegi 118, síðan aftur á Grundarstíginn, síðan í stuttan tíma í gamla Iðnskólann við Vonarstræti og loks tókst MHÍ að komast í varanlegt húsnæði að Skipholt 1 á því herrans ári 1956.

Kennslan árið 1939 hófst með tveim námskeiðum í leikfangagerð og varð hún regluleg árið 1940 með kennslu í tré- og málmsmíði ásamt teikningu. Kennarar voru þá aðeins tveir, þeir Zier og Lúðvík. Nemendur hafa verið u.þ.b. ein tylft. Á þessu ári voru nemendur alls hátt á sjöunda hundrað, með námskeiðum. Kennarar voru á sama tíma yfir fjörtíu, fastráðnir og lausamenn. Samt eru margar greinar sjónmennta útundan og þar er kannski tilfinnanlegastur



Textilteild liggur ekki á líði sínu.

skorturinn á skúlptúrkenndu. Staða íslensks skúlptúrs í dag hlýtur að einhverju leyti að vera afleiðing þeirrar ávöntunar. Leikmyndagerð þyrfti einnig að kenna að staðaldrí, svo og fatahönnun, gullsmíði, húsgagna-teiknun og almenna iðnhönnun. En þær greinar kalla svo aftur á aukið og bætt húsnæði. En lítum í staðinn á það sem skólinn hefur megnað að gera.

Skript sköpum

Nær allir yngri myndlistarmenn okkar hafa stundað þar undirstöðunám, myndlistarkennarar hafa lang-



Vinna teiknikennaraeildar

flestir útskrifast þaðan og þar var lagður grunnur að íslensku auglýsingahönnun og nú síðast, — að textíl. Skólinn hefur skipt sköpum hvað snertir íslenska grafík og hefur haft úrslitabýðingu í þróun keramikur á landinu. Þar hafa nýrri hræringar innan myndlistar einnig verið ræddar og krufnar til mergjar. En kennarar hafa held ég ávallt gert sér grein fyrir því að fjögurra ára skóli gerir vart nema að leggja undirstöðuna að listnámi og hafa stöðugt hvatt nemendur til framhaldsnáms erlendis og hefur MHÍ þannig stuðlað að innflutningi nýrra hugmynda á mörgum sviðum.

Vorsýningar myndlistarskólanna eru breytilegar frá ári til árs. Árgangar eru misjafnir, eins og gengur og gerist — og kennarar sömuleiðis. Kannski er varasamt að vera að ræða nemendavinnu yfirleitt, en þó finnst mér rétt að geta um nokkra þætti MHÍ sýningarinnar.

Gróska í grafík

Athyglisvert finnst mér t.d. hve mjög málverkið hefur hneygst yfir í hlutbundna túlkun og má greina ný viðhorf í fæðingu í þeirri deild. Frá því fólki sem nú stundar nám í deildinni má vænta einhverra tíðinda á komandi árum. Sérstök gróska virðist nú ríkja í grafík skólans, sem sjálfsgætt má rekja til ólíkra en atkvæðamikilla kennara og sýna nokkrir nemendur þar óvenju þroskaða vinnu. Keramik er falleg og fjölbreytt og barnavinnan hugmyndarík. Ekki fer mikið fyrir fjölbreytni í aðferðum og verkefnavali í nýlistadeild og hlýtur brátt að koma að því að menn hvíli myndavélnar. Þeir nýlistamenn frumsýndu samt nýja og afar langa kvikmynd um Einar Guðmundsson skáld á opnunardegi. Það var einnig vel við hæfi að setja upp litla sýningu til heiðurs Kurt Zier innan skólasýningarinnar. Hún er engan

vegin tæmandi og reyndar læðist að manni sá grunur að betur hefði mátt standa að henni.

Fjölhæfur frömuður

Zier lagði gjörva hönd á margt — var liðugur teiknari og málarí, skar í tré og gerði grafík. List hans er af expressjóniska skólanum, eins og vænta mátti, og sterkir litir og þungar áherslur ráða ríkjum í verkum hans. Merkilegt nokk, þá eiga þeir samleið í listinni á köflum Guðmundur Einarsson frá Miðdal og Zier. En öll meiri háttar umfjöllun um Zier og list hans verður að biða betri tíma og yfirgrípsmeiri sýningar á verkum hans. Þá er ekki annað eftir en að óska skólanum til hamingju og velfarnaðar á komandi árum. Það er engin hætta á öðru en að honum tækist að axla þá ábyrgð sem á honum hvílir, hvernig sem stjórnvöld munu hafa sér.

Myndlist

ADALSTEINN INGÓLFSSON

Einhell
vandaðar vörur

Verkfæra-kassar

Eins, þriggja og fimm hólfa. Afar hagstætt verð.

Oliufélagið Skeljungur hf Shell

Heildsölubirgðir: Smávörudeild Sími: 81722

Aðalfundur

Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda verður haldinn í hlíðarsal Hótel Sögu fimmtudaginn 7. júní nk. og hefst kl. 10 árdegis.

Dagskrá samkvæmt félagslögum. Lagabreytingar.

Stjórn Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda

KENNARAR!

Nokkrar almennar kennarastöður eru lausar við grunnskóla Akraness. Umsóknarfrestur er til 1. júní.

Skólanefnd Akraness.

Ómar Skutason — Mynd, 1979.

er ég hræddur um að við lendum í ógöngum. Ég minnst þess þegar bandaríski listamaðurinn Rauschenberg varð að hætta að brúka mynd af Kennedy í samsetningum sínum þar eð hún vakti svo sterkar tilfinningar í brjósti áhorfenda að röskun varð á heildarinnntaki þeirra. Ómar gæti þurft að glíma við svipuð vandamál á komandi árum. En þetta er umfram allt hressandi sýning og sannar að Ómar stendur ekki kyrr í kúnstinni.

Einhell
vandaðar vörur

Hleðslutæki

6, 12 og 24 volta. Margar gerðir.

Oliufélagið Skeljungur hf Shell

Heildsölubirgðir: Smávörudeild Sími: 81722

Kvartmíluklúbburinn

Starfsmenn og sýningaraðilar á bílasýningu Kvartmíluklúbbsins eru beðnir að halda til haga sýningarpössum sínum vegna væntanlegs hófs sem Kvartmíluklúbburinn mun halda fyrir starfsfólk og sýnendur eftir fyrstu kvartmílukeppnina 20. maí. Verður hófið auglýst nánar síðar.

Stjórnin